

From: Arna Ír Gunnarsdóttir
Sent: Sun, 12 Oct 2025 23:00:00 +0000
To: Bragi Bjarnason; iris@vestmannaeyjar.is; petur@hveragerdi.is; ellidi@olfus.is; sigurjon@hornafjordur.is; sveitastjori@ry.is; Anton Kári Halldórsson; Ásta Stefánsdóttir; sveitastjori@vik.is; sveitastjori@klaustur.is; aldis@fludir.is; flohreppur@floahreppur.is; Sýlvía Karen Heimisdóttir; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; Valtýr Valtýsson
Cc: Ingunn Jónsdóttir
Subject: Farsældarráð á Suðurlandi
Attachments: samstarfsyfirlýsing Suðurland.docx, Skipurit farsældarráð Suðurlandi.docx

Sæl verið þið ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Eins og ykkur er kunnugt gerði mennta- og barnamálaráðuneyti sl. haust viðaukasamning við samning um sóknaráætlanir landshlutasamtakanna um ráðningu verkefnisstjóra til þess að koma á fót farsældarráðum í landshlutunum. Markmiðið með samningnum er að samhæfa farsældarþjónustu í sveitarfélögunum á Suðurlandi og koma á fót svæðisbundnu farsældarráði.

Að undanfögnu hefur verið unnið að undirbúningi stofnunar farsældarráðs á Suðurlandi og er stefnt að því að aðilar að samstarfinu skrifi undir samstarfsyfirlýsingu um farsældarráð á ársþingi Sass á Kirkjubæjarklaustri þann 23. október nk. Meðfylgjandi eru drög að samstarfsyfirlýsingu um svæðisbundinn samráðsvettvang ásamt drögum að skipuriti fyrir svæðisbundið farsældarráð á Suðurlandi.

Undirrituð fer þess á leit að meðfylgjandi drög verði kynnt sveitastjórnnum ásamt viðeigandi starfsfólki innan stjórnsýslu sem vinna að málefnum barna. Fljótlega verður svo kallað eftir tilnefningum frá sveitarfélögunum ásamt þjónustuaðilum í farsældarráðið.

Ekki hika við að hafa samband við undirritaða ef upp koma einhverjar spurningar eða vangaveltur varðandi farsældarráðið.

Sjáumst á Kirkjubæjarklaustri!

Með samstarfskveðju,

Arna Ír Gunnarsdóttir
Verkefnisstjóri farsældarráðs á Suðurlandi
Austurvegi 56 800 Selfossi
Sími 860 1831

